

Jólafundurinn okkar var haldinn mánudaginn 4. desember þar sem Gerður tók á móti okkur á heimili sínu í Breiðahvarfi 2 sem er sannkallað jólahús á aðventu. Fundurinn hófst kl. 19:30 og boðið var upp á léttan drykk við komu.

Gerður húsráðandi bauð Gammasystur velkomnar og Ingibjörg setti fund. María tók manntal og var 41 félagskona mætt.

Anh-Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Jóna Jónsdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar Guðmundstóttir, Elín Ólafsdóttir, Friða Bjarney Jónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir (sagnfræðingur), Kristín Jónsdóttir (skólastjóri), Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Renata Emilsson Peskova, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Stella Guðmundsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

Edda las styttri útgáfu af fundargerð síðasta fundar en ítarlegri birtist á vefnum.

Lítill leynigestur mætti einnig á fundinn, Vigdís Anna 20g1/2 mánaða dóttir Soffíu og fengu þær mæðgur viðeigandi bókagjöf og rós í tilefni lífsins. Hartnær öld eða 97 ár voru á milli elstu og yngstu snótar fundarins.

Þá var Kristínu Bjarnadóttur færð rós í tilefni heiðursviðurkenningar sem hún hlaut fyrir góð störf í þágu stærðfræði og stærðfræðimenntunar á Íslandi og voru veitt á 70 ára afmæli Íslenska stærðfræðifélagsins. Og formaður tilkynnti um uppstillingarnefnd sem í eru Krístrún Ísaksdóttir sem formaður og með henni Björg Eiríksdóttir og Ingibjörg Jónasdóttir.

Orð til umhugsunar flutti Kristín Jónsdóttir skólastjóri og var henni hugleikið ég líka bylgjan(myllutengið) #meetoo sem hefur verið áberandi undanfarið og í gegnum þá birtingu og hinar ýmsu birtingarmyndir hennar þá fylltist hún efasemdarksasti í fjórgang með ýmsum tilbrigðum. Hennar von er að umræðan og opinberun verði til þess að það verði betrun í samfélaginu í anda kvenfrelsis og varpaði fram spurningunni, hvað getum við gert til þess að svo megi verða?

Renata tók fyrir hönd samtakanna *Móðurmál* á móti rós og viðurkenningu upp á 100 þúsund krónur sem safnaðist í happdrættinu á afmælisfundinum okkar í vor. Hún þakkaði fyrir hönd samtakanna fyrir styrkinn og sagði jafnframt frá nýlegu og afar spennandi samstarfi sem stofnað var til við kanadísku samtökin IHLA (sjá nánar um samtökin <http://www.ihla.ca/about-us.html>) og gjöfulu samstarfi við SAMFOK sem er samtökunum mikils virði.

Einar Már Guðmundsson, rithöfundur kom í heimsón og sagði frá nýju bókinni sinni *Passamyndir* og las valda kafla. Hann sagði að í nokkrum sagna sinna sem og þessari fjalli hann um hvunnagshetjur sem venjulega fá ekki umfjöllun í hefðbundnum sögubókum og nýtir til þess sitt nærumhverfi, sig sjálfan og fjölskyldumeðlimi, samt óbeint. Hinar bækurnar eru *Englar alheimsins*, *Fótspor á himni*, *Draumar á jörðu* og *Nafnlausir vegir*. Óborganlegur var kaflinn sem hann las um þá félaga Harald og Jonna þegar þeir voru að sækja um atvinnuleyfi á lögreglustöðinni í Osló. Góður rómur var gerður að lestri Einars Más og einlægum svörum hans við fyrirspurnum. Nokkrar konur nýttu sér að festa áritað eintak.

Borðið svignaði af veitingum og þar birtist sýnishorn af ýmsu jólalegu meðlæti sem gott var að gæða sér á með kaffinu og teinu.

Kynntar voru bækurnar tvær sem lesa á fyrir næsta fund. Það eru bækurnar *Undirferli* eftir Oddnýju Ævarsdóttur og *Elín, ýmislegt* eftir Kristínu Eiríksdóttur. Félagskonum hafði verið skipt í tvo hópa í tölvuvali og þegar dregið var um titil þá kom það í hlut hóps EITT að lesa *Elín, ýmislegt* en hópur TVÖ les bókina *Undirferli*.

Hildur Jóhannesdóttir settist við píanóíð og jólasöngvar voru sungnir þíðum rómi áður en Ingibjörg formaður sleit fundi og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Á kertum sálarinnar logaði glatt þegar við kvöddum gestgjafann Gerði með rós og þakklæti fyrir notalegt kvöld og gott upphaf aðventunnar.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir.